



Nýjungar í starfi með fólki – Áhrifaþættir í faglegu starfi

Nauðung í þjónustu við fatlað fólk

Áhrifaþáttur í faglegu starfi?

- Lögformlegt hæfi
 - lýsir rétti fólks til að ráða eigin högum og stjórna lífi sínu. Það felur í sér sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði gagnvart afskiptum og yferráðum yfirvalda og annarra
 - Allir eiga rétt á að njóta lögformlegs hæfis til jafns við aðra
- Sjálfsákvörðunarréttur
 - réttur til að ráða sér sjálfur, geta tekið eigin ákvarðanir og valið hvernig lífi maður lifir

Nauðung

- *Nauðung samkvæmt lögnum (V. kafli laga nr. 88/2011) er athöfn sem fer fram gegn vilja einstaklings og skerðir eða þrengir svo sjálfsákvörðunarrétt hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum.*
- *Felur í sér þvingun og vald (beitingu)*
- *Ofbeldi??*

12. gr. Réttarstaða til jafns við aðra.

1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk eigi rétt á því að vera viðurkennt hvar sem er sem aðilar að lögum.
2. Aðildarríkin viðurkenni að fatlað fólk skuli njóta gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum mannlífs.
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandiráðstafanir til þess að fatlað fólk geti leitað eftir aðstoð sem það kann að þarfnast þegar það nýtir gerhæfi sitt.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða beitingu gerhæfis, innihaldi viðeigandi og árangursríkar verndarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðlegmannréttindalög. Fyrirnefndar verndarráðstafanir skulu tryggja að með ráðstöfunum, sem varða beitingu gerhæfis, séu réttindi, vilji og séróskir viðkomandi einstaklings virt, slíkar ráðstafanir leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, þær séu við hæfi og sniðnar að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í sem skemmstan tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru, sjálfstæðu og hlutlausu yfirvaldi eða stofnun á sviði dómsmála. Gæta ber meðalhófs við gerð verndarráðstafana að því marki sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.
5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, að stýra eigin fjármálum og hafa jafnan aðgang að bankalánnum, veðlánnum og annars konar fjárhagslegum lánnum, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum að geðþótta.

Dæmi um nauðung skv. 11. gr. Laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk

- Líkamleg valdbeiting
- Húsnæði sem tilheyrir fólki er læst
- Fólk er læst inni eða ferðafrelsi skert með öðrum hætti
- Fólk er flutt milli staða gegn vilja þess
- Aðgangur fólks að eigum þess er takmarkaður eða þær fjarlægðar gegn vilja viðkomandi
- Fólk er þvingað til athafna, s.s. til að taka lyf eða nota hjálpartæki
- Valdi eða þvingun er beitt við athafnir daglegs lífs

- *Rafræn vöktun er ávallt talin það mikið inngríp í sjálfræði að hún telst vera nauðung. Hún getur líka varðar við lög um persónuvernd*
- Almenn munnleg fyrirmæli, leiðsögn án líkamlegrar árréttingar eða hótunar flokkast ekki undir nauðung.

Ráðstafanir til að draga úr nauðung Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr nauðung (reglugerð nr. 970/2012)

- Ef þjónustuaðili telur að starfsemin geti falið í sér nauðung ber honum að leita til sérfræðiteymisins
- Persónulegir talsmenn, réttindagæslumenn eða sá sem aðgerðin beinist að geta leitað beint til sérfræðiteymisins enda hafi þjónustuveitandi ekki gert það að eigin frumkvæði.

Sérfræðiteymið

- Teymið er skipað allt að 7 manns með sérþekkingu í málefnum fatlaðs fólks og þekkingu og reynslu af aðgerðum til að koma í veg fyrir beitingu nauðungar.
- Hlutverk:
 - Ráðgjöf og leiðbeiningar um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk
 - Umsagnir um beiðnir um undanþágur þegar ráðgjöf og leiðbeiningar reynast ófullnægjandi til að koma í veg fyrir beitingu nauðungar.
 - Taka við tilkynningum um beitingu nauðungar
 - Með heimild (undanþágu)
 - Í neyðartilfellum sbr. 13. gr. um neyðartilvik
 - Fleiri en þrjár skal teymið hafa samband og bjóða fram aðstoð sína

Verklag teymisins

- Aflar nauðsynlegra upplýsinga s.s. frá:
 - Einstaklingnum sem aðgerðin beinist að
 - persónulegum talsmanni hans og aðstandendum
 - forstöðumanni og öðru aðstoðarfólki
- Kannar, m.a.
 - heimilisaðstæður og aðbúnað viðkomandi
 - tjáningu og hvort óskir séu virtar
 - félagslega virkni
 - styrkleika og hindranir í daglegu lífi
 - samskipti við vini, ættingja, nágranna, starfsfólk o.fl.
 - Starfsmannahald (fjöldi, menntun, aldur o.fl.)

Sérfræðiteymið

- Að lágmarki þrjár fulltrúar koma að hverju máli.
- Fundar með viðkomandi einstaklingi, aðstandendum, persónulegum talsmönnum, starfsfólki og stjórnendum auk lögráðamanna ef við á.
- Greinir upplýsingar, m.t.t. hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða
- Gefur formlega ráðgjöf og veitir aðstoð við gerð og þróun einstaklingsáætlana
- Fylgist með framgangi ráðgjafarinnar, m.a. með því að
 - óska eftir atvikaskráningum og reglulegum framgangs skýrslum
 - hafa samband eftir 6 mánuði, gera stöðumat. Ef nauðung er ekki lengur beitt telst máli lokið.
- **Ef aðgerðir sem lagðar eru til reynasti ófullnægjandi til að koma í veg fyrir að nauðung sé beitt skal sækja um undanþágu til undanþágunefndar.**

Nauðung er alltaf bönnuð nema með undanþágu:

- ▶ Til að koma í veg fyrir eða fyrirbyggja að fólk valdi sjálfu sér eða öðrum líkamstjóni eða skaða
- ▶ Til að koma í veg fyrir stórfellt eignatjón
- ▶ Til að uppfylla grunnþarfir, s.s. næringu, heilbrigði og hreinlæti eða til að draga úr hömluleysi sem skerðingin orskar.
- ▶ *Ef nauðung telst óumflýjanleg verður að ganga úr skugga um að allt annað hafi verið reynt, þ.m.t. aðkoma sérfræðiteymisins og fá undanþágu frá undanþágunefnd um bann við beitingu nauðungar*

Undanþágunefnd

- Er skipuð þremur einstaklingum og þremur til vara með sérþekkingu á mannréttindamálum og málefnum fatlaðs fólks.
- Nefndin tekur við beiðnum um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar og ákveður hvort fallist skuli á þær og með hvaða skilyrðum.
- Með beiðni skal fylgja umsögn sérfræðiteymisins þar sem, m.a. skal koma fram hvaða aðgerðir voru lagðar til og hvernig brugðist var við þeim.
- Undanþágunefnd skal beina beiðnum sem lúta að viðvarandi og varanlegri frelsisskerðingu til dómstóla.

Meginreglan er sú að beiting nauðungar og fjarvöktunar er bönnuð

- **Til að komast hjá nauðung er aðalatriðið að þekkja og skilja hvernig hún birtist t.d.**
 - Þegar líkamlegri þvingun er beit
 - Þegar fólk fær ekki að hafa hlutina sína hjá sér
 - Þegar fólk er þvingað til að gera það sem það vill ekki gera eða fær ekki að gera það sem það vill

Hvar þrífst nauðung?

- Þar sem viðurkenning og hrós eru í lágmarki
- Þar sem verkferlar eru illa skilgreindir, hver vinnur eftir sínu höfði
- Þar sem er óljóst hvað telst rétt og getur verið breytilegt frá degi til dags.
- Þar sem er einblýnt á mistök og vangetu
- Þar sem áhersla er á það sem ekki má og ekki á að gera
- Þar sem ekki er hlustað
- Þar sem þarfir og óskir eru hunsaðar
- Þar sem hver vinnur eftir sínu höfði án hugmyndafræðilegra viðmiða og markmiða

Nauðung þrífst ekki:

- ▶ Þar sem virðing er borin fyrir sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétti fólks
- ▶ Þar sem mannréttindi og virðing fyrir mannlegri reisn eru í hávegum höfð
- ▶ Þar sem umhyggja og manngæska blómstrar